

Þingeyjarsveit  
Atli Steinn Sveinbjörnsson

650 LAUGAR

Garðabær, 8. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202401-0082  
LA

## Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna verslunar- og þjónustusvæðis að Sandabrotum, Þingeyjarsveit

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 22. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna verslunar og þjónustusvæðis að Sandabrotum, Þingeyjarsveit. Breytingin felst í því að skilgreina nýtt verslunar- og þjónustusvæði 522-V á lóðinni Sandabrot (L236259) sem nú er flokkuð sem landbúnaðarland. Fyrirhugað er að reisa allt að 10 smáhýsi til útleigu til ferðamanna auk einbýlishúss til fastrar búsetu.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsögn um nýtt deiliskipulag vegna Sandabrota, dags. 23. nóvember 2023, þar sem gerðar voru athugasemdir við að skipulagið náði yfir hraunjaðar frá sögulegum tíma og mögulega hraunmyndanir eins og hraunhella og hraundryli. Einnig var bent á náttúruvá sem tengist gliðnunarprungum, s.s. Grjótagjá, og áhrif á landslag nálægðra náttúruverndarsvæða. Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að fjölda smáhýsa hefur verið fækkað um helming í aðalskipulagsbreytingunum, en telur eldri umsögn stofnunarinnar og ábendingar standa áfram fyrir sínu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

*Lovisa Ásbjörnsdóttir*

Lovisa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

